

Fundur 23.3.2026 Guðrún Helgadóttir

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Guðrún Helgadóttir, ætlum við að venju að loka fundinum, voru hér ýmsir sem biðu, en vonum við að þau sambönd komist sem fyrst í gegn.

Og tek undir það að áfram þarf að halda vel með starfið og kannski ykkur takist að fá fleiri miðla.

Var hér nokkuð góð orkan og tókst að koma ýmsu í gegn.

Erum við hér í blómabrekkunni sem áður, höfum við nú tekið upp á þeirri nýbreytni að fá hér í salinn hjá okkur í sambandið fjarskylda ættingja sem uppi voru á Bretlandseyjum áður en víkingatíminn hófst og er það ný tilraun og koma þeir hér í hamfaraflutningum í salinn og magna okkur og eru ljómandi mjög.

Jarek er eitt nafnið, Englar og Saxar og aðrir öflugir mjög eftir langa þróun og þroska á framlífs jörðum, höfum við reynt að magna þá fram og hafa hjálpað til við mögnun og áframhald lífstefnu þróunar.

Já og gamlir Íslendingar, landnámsmenn og fleiri sem fyrr hér í salnum sem birtast og vonandi að ykkur takist það með tímanum að fá líkamninga.

*Má ég spurja einnar spurningar ?*

Já.

*Mig langar að spurja hvort það væri möguleiki á því að íslenska og almenna borgara og aðra á öðrum löndum að skapa fólki drauma, að útskýra það með draumum Nýal, hvað tekur við eftir dauðann þegar menn yfirgefa jörðina og fara yfir í annan jarðneskan líkama á annari jörð, skapa fólki drauma til þess að skilja þetta hvað er að gerast.*

Já en það er mikil áætlun en þarf að tala við enn þá háþróaðri verur til að koma því til leiðar, en við skulum koma þessu áleiðis, reyna,

*Ég hélt að það væri kannski möguleiki að þetta væri hægt að vekja fólk til umhugsunar.*

Vil ég hér biðja ykkur um að samstillast og hugsa til fornkonu sem er Helga fagra og mun það hjálpa til við að ljúka fundinum, hafið örliða þögn og reynið að skynja hana.

Guðrún Helgadóttir, gerðist hér sá merkilegi atburður að hún vildi segja við ykkur nokkur orð og reyna að hjálpa til við að senda jákvæða strauma til ríkisstjórnar landsins og vonum við að hún komi í gegn í sambandið fljótlega, en verðum við nú að ljúka fundi og þökkum við fyrir og halda áfram eins fljótt og auðið er.

Verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir, vertu sæl.*